

# Ójafnræði á Íslandi

í meðferð ríkisins gagnvart trúfélögum og lífsskoðunarfélögum

• Ásatrúarfélagið • Fjölskyldusamtök heimsfriðar og sameiningar  
• Búddistasamtökin SGI á Íslandi • Siðmennt, félag siðrænna húmanista

Kæru Íslendingar!

Við viljum vekja athygli ykkar á eftirfarandi staðreyndum:

Ekkert breyttist við hina ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu í október 2012. Með þjóðkirkjuskipan í lögum er enn mismunur og ójafnræði við lýði. **Ranglæti verður aldrei að réttlæti með meirihlutaatkvæði.**

Þjóðkirkjan og öll önnur trúfélög fá sóknargjöld fyrir hvern meðlim 16 ára og eldri en veraldleg lífsskoðunarfélög fá ekkert. Sóknargjaldið er 8.412,- kr. fyrir árið 2012. Þar með er þó sagan ekki öll sögð:

Ríkisframlög til trúfélaga í milljónum króna	Þjóðkirkjan	Önnur trúfélög (öll 38 saman)	Utan trúfélaga og ótilgreint
Sóknargjöld	1604 m. kr.	250 m. kr.	0
Jöfnunar-, Kirkjumála- og Kristnisjóðir	600 m. kr.	0	0
Sérframlög til viðgerða á kirkjum	35 m. kr.	0	0
Laun (þk: 138 prestar, 3 biskupar og biskupsstofa)	1405 m. kr.	0	0
Samtals:	3644 m. kr.	250 m. kr.	0
Hlutfall ríkisframlaga	93.6%	6.4%	0%
Hlutfall meðlimafjölda	76.8%	12.5%	10.7%

Talsmenn Þjóðkirkjunnar segja að launin séu greidd vegna samnings og því sé hún sjálfstæð kirkja. Það fær ekki staðist því launagreiðslur til Þjóðkirkjunnar um alla framtíð í skiptum fyrir jarðir<sup>1</sup> hennar er ekki eðlilegur samningur.

**Allir Íslendingar eru í raun erfingjar hins kirkjusögulega arfs sem nær langt aftur fyrir tíma siðaskiptanna.**

Ef ríkið greiðir laun á þennan hátt er um ríkisstofnun að ræða en það getur ekki talist réttlætanlegt að eitt trúfélag sé að fullu ríkisrekið en önnur ekki. Víðast hvar í Vestrænum löndum standa trúfélög á eigin fótum því að þau tilheyra einkasviðinu. Með þjóðkirkju er verið að reka ríkistrú en það samræmist ekki jafnræði í lýðræðisríkjum.


**Þjóðkirkjan þjónar ekki öllum landsmönnum.** Reglur hennar<sup>2</sup> leyfa það ekki og fólk annarrar lífsskoðunar leitar sjaldnast eftir þjónustu hennar<sup>3</sup>. Í raun er hún því ekki og verður aldrei þjóðkirkja.

## Hvað kostar núverandi skipan mála okkur?

Reiknað tillegg hvers tekjuskattsgreiðanda er tæp 25 þús. kr. til málaflokksins<sup>4</sup> en ekki 8.412 kr. sem svarar til eins sóknargjalds.

Ástæðan er sú að:

- Þjóðkirkjan fær rúmlega tvöfalt (x2.3) fé fyrir hvern meðlim 16 ára og eldri.
- Aðeins um 2/3 hlutar Íslendinga greiða tekjuskatt og þeir greiða því fyrir sóknargjöld hins 1/3 hlutans.



**Grundvallarréttindi allra íbúa Íslands eru að njóta jafnræðis og sömu meðferðar af hálfu ríkisins.**

1) Í krafti áhrifa og valds eignaðist þjóðkirkjan 1/3 hluta allra jarða landsins en á 20. öldinni var arðvænlegra að selja þær ríkinu fyrir föst laun til óendlegrs tíma.  
2) Prestum Þjóðkirkjunnar er ekki leyfilegt að gifta hjónaefni nema að annað eða bæði séu í henni.  
3) Þegar fólk utan Þjóðkirkjunnar, vegna aðstöðuleysis, hefur beðið um aðstöðu í kirkju eru til dæmi um bæði neitun og veitt leyfi.  
4) Tekjuskattsgreiðendur eru 156.018 manns árið 2012 (Tíund, okt. 2012 bls. 178). Sóknargjöld fólks utan trúfélaga renna ekki til HÍ (lagabreyting frá 2009).